

STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2010, fimmtudaginn 10. júní var haldinn 306. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1 og hófst kl. 16:00
Viðstaddir: Benedikt Geirsson, formaður, Ingi Þór Hermansson, Páll Grétarsson, Egill T. Jóhannsson og Björn Árni Ólafsson. Sigurður Guðmundsson og Ingvar Jónsson boðuðu forföll.
Jafnframt sátu fundinn: Magnús Árnason framkvæmdastjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skipulagsstjóra Kópavogsbæjar dags. 3. maí sl. þar sem óskað er eftir umsögn stjórnar skíðasvæðanna um breytingar á deiliskipulagi í Bláfjöllum. Jafnframt lagt fram svarbréf formanns stjórnar skíðasvæðanna dags. 31. maí sl. þar sem tekið er jákvætt í erindið.
2. Lögð fram rekstrarstaða dags. 18. maí sl.
3. Lagt fram bréf framkvæmdastjóra ÍTR dags. 7. maí sl. þar sem vísað er til umfjöllunar í stjórn skíðasvæðanna tillögu Ormars Arnarssonar, Árna G. Guðmundssonar og Davids Robertson um "Hjólreiðavang á heimsmælikvarða" í Skálafelli.
Stjórn skíðasvæðanna tekur jákvætt í hugmyndina og vísaði henni til meðferðar framkvæmdastjóra. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við deiliskipulag og gætt verði umhverfissjónarmiða. Ekki verður sett fjármagn frá skíðasvæðunum í þetta verkefni.
4. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. í dag um stöðuna í fjöllumum.
5. Lögð fram framkvæmdaáætlun sumarið 2010.
Framkvæmdastjóra falið að uppfæra kostnaðaráætlun við viðhald Bláfjallaskála, en skálinn er í mjög slæmu ástandi, og taka upp á fyrsta fundi nýrrar stjórnar skíðasvæðanna.
6. Lögð fram ályktun Skíðagöngufélagsins Ulls dags. 5. maí sl. varðandi snjóframleiðslu, landmótun og uppsetningu snjógirðinga á skíðasvæðum.
7. Lögð fram eftirfarandi tillaga:
Stjórn skíðasvæðanna beinir því til sveitarfélaga sem aðild eiga að stjórn skíðasvæðanna að hefja skuli framkvæmdir við snjóframleiðslu sem fyrst og þeim send tillaga að forgangsröðun á framkvæmdinni.
Samþykkt.
8. Formaður þakkaði stjórnarmönnum fyrir ánægjulegt samstarf á tímabilinu.

Fundi slitið kl. 17:30.

Benedikt Geirsson

Páll Grétarsson
Björn Árni Ólafsson

Egill T. Jóhannsson
Ingi Þór Hermansson